

18

4. marz

AUGLÝSING

um staðfesting kennslumálaráðuneytisins á reglugerð um barnavernd í
Hafnarfjarðarkaupstað.

Samkvæmt 2. gr. laga nr. 76 frá 19. júní 1933, um breyting á lögum nr. 43 frá 1932, um barnavernd, er hérmeð staðfest eftirfarandi

REGLUGERÐ

um barnavernd í Hafnarfjarðarkaupstað.

1. gr.

Í umdæmi barnaverndarnefndar Hafnarfjarðar er bannað að selja börnum og unglingum innan 16 ára aldurs tóbak, hverju nafni sem nefnist, gefa þeim það, eða stuðla að því að þau hafi það með höndum eða neyti þess.

2. gr.

Bönnuð er öll sala á brjóstsykursstöngum, spítubrjóstsykri og öðru því sælgæti, sem barnaverndarnefnd álitur hættulegt börnum og unglingum.

3. gr.

Heimilt skal barnaverndarnefnd að banna börnum og unglingum aðgang að þeim skemmtunum, sem henni þykir ástæða til.

4. gr.

Heimilt er barnaverndarnefnd að hafa eftirlit með blaðasölu barna, ef henni þykir ástæða til.

5. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varðar sektum sem brot gegn barnaverndarlögnum.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Þetta er hér með birt til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Í kennslumálaráðuneytinu, 4. marz 1935.

Haraldur Guðmundsson.

Gissur Bergsteinsson.